

## FUNDARGERÐ SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS, HÚNAÞINGS VESTRA.

**242. fundur** Skipulags- og umhverfissráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 2. október 2014, kl. 17:00 í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga.

Fundinn sátu:

Pétur Arnarsson, formaður, Guðjón Þórarinn Loftsson, Árborg Ragnarsdóttir, Guðrún Eik Skúladóttir, og Ragnar Smári Helgason.

Embættismenn:

Úlfar Trausti Þórðarson sviðsstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs.

Fundarritari:

Guðrún Eik Skúladóttir

Formaður setti fundinn.

### Dagskrá:

- 1. Erindi nr. 1409039** Gottorp, sótt um byggingarleyfi fyrir sólskála.
- 2. Erindi nr. 1409031** Höfðabraut 23, sótt um byggingarleyfi fyrir svalahurð í stað glugga.
- 3. Erindi nr. 1409051** Garðarströð 1, sótt um leyfi fyrir aksturshurð á suðurhlíð
- 4. Erindi nr. 1409081** Lóðarumsókn. Stofna lóð úr landi Syðri Urriðaá
- 5. Erindi nr. 1409080** Húnaþing vestra. Leyfi fyrir hitaveitulögn frá stofnæð að Syðri Völlum
- 6. Erindi nr. 1409079** Hvoll lóð nr. 25. Leyfi til að flytja áður byggt frístundarhús
- 7. Önnur mál.**

### Tekið á dagskrá:

#### Afgreiðslur:

**1. Erindi nr. 1409039.** Þóra Gísladóttir kt. 030357-5349 Fjallalind 37, 201 Kópavogi, fyrir hönd lóðarhafa sækir um leyfi til að byggja sólskála á jörðinni Gottorp. Húsið er hefðbundið, úr timbri og klætt með lituðu bárustáli á steypa gólfplötu. Birt flatamál hússins er 41 m<sup>2</sup>.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir að fela skipulags- og byggingarfulltrúa að afgreiða byggingarleyfið þegar öll tilskilin gögn liggja fyrir.

**2. Erindi nr. 1409031.** Guðmundur Jóhannesson kt. 130454-5779 Höfðabraut 23, 530 Hvammstanga, sækir um byggingarleyfi fyrir að setja svalahurð í stað glugga.

Skipulags- og umhverfissráð frestar málinu þar sem reyndarteikningu af húsinu vantar, ásamt teikningum af fyrirhuguðum breytingum.

**3. Erindi nr. 1409051.** Halldór P. Sigurðsson kt. 201154-2869 Bakkatún 13, 530 Hvammstanga, óskar eftir að setja hurð á suðaustur hlið á aðstöðuhúsi, austasta sperrubíl. Hurðin er 3 m á breidd og 2,7 m á hæð.

Skipulags- og umhverfisráð frestar málinu þar sem tilskilin gögn hafa ekki skilað sér. Ráðið felur byggingafulltrúa að kalla eftir fullnægjandi gögnum.

**4. Erindi nr. 1409081.** Sigvaldi Sigurjónsson kt. 080850-2559 og Þóra Friðrika Ólafsdóttir kt. 290447-4379 óska eftir að stofna lóð úr landi Syðri Urriðará, landnúmer 144161. Uppdráttur er unninn af Gunnari Ríkharðssyni hjá Búnaðarsambandi Húnaþings og Stranda.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að fela skipulags- og byggingarfulltrúa að afgreiða lóðarumsóknina þegar öll tilskilin gögn liggja fyrir.

**5. Erindi nr. 1409080.** Húnaþing vestra kt. 540598-2829 Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga, sækir um framkvæmdaleyfi fyrir hitaveitulögn í jörð frá stofnæð Hvammstangi/Laugarbakki og að Syðri Völlum.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindi umsækjanda.

**6. Erindi nr. 1409079.** Kristín Jósefsdóttir kt. 270848-4279 Ásbjarnastöðum, 531 Hvammstanga, sækir um leyfi til að flytja áður byggt timburhús og setja niður á lóð nr. 25 í landi Hvals.

Guðjón vék af fundi við afgreiðslu erindisins.

Skipulags- og umhverfisráð felur byggingafulltrúa að kalla eftir gögnum varðandi fyrri skráningu hússins, en samþykkir erindið að öðru leyti.

## **7. Erindi. Önnur mál.**

7a. Skipulags- og umhverfisráð fór yfir tillögur að deiliskipulagsgerð og leggur til að farið verði í deiliskipulagsvinnu við svæði sunnan Syðri-Hvammsár og ofan Hvammstangabrautar.

7b. Úlfar Trausti, sviðsstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs fór yfir stöðu sorphirðu- og urðunarmála.

**Skipulags- og umhverfisráð bendir á að umsóknir teljast ekki samþykktar fyrr en þær hafa hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar Húnaþings vestra.**

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 19:20

---

Pétur Arnarsson

---

Guðrún Eik Skúladóttir

---

Guðjón Þórarinn Loftsson

---

Ragnar Smári Helgason

---

Úlfar Trausti Þórðarson

---

Árborg Ragnarsdóttir

sviðsstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs